

BÍLAR

ÞRIÐJUDAGUR 30. APRÍL 2013

Reynsluakstur Suzuki Swift Sport
Bílasýning í Fífunni næstu helgi
Volvo KERS-tækni lækkar eyðslu um 25%

MYND: FINNUR THORLACIUS

HULUNNI SVIPT AF PORSCHE CAYMAN

Var kynntur um síðustu helgi hjá Bílabúð Benna. Kemur nú af þriðju kynslóð.

Sportbíll ársins var valinn á bíla-sýningunni í New York um daginn. Þá vegtyllu hlutu systurbílarinnir Porsche Boxter/Cayman. Bílabúð Benna sýndi nýjan Boxter fyrir ekki svo löngu og um helgina var komið að Porsche Cayman. Oft hefur verið talað um Boxter og Cayman sem „baby“ Porsche 911, en þeir eru báðir umtalsvert minni en hinn goðsagnakenndi og frægasti sportbíll í heimi.

Engu að síður eru þeir báðir mjög öflugir og fimir eins og stóri bróðirinn og umtalað er hversu nálægt þeir eru komnir getu 911 bílsins þrátt fyrir að kosta nærri helmingi minna. Cayman kom fyrst á markað fyrir átta árum en er nú kynntur af þriðju kynslóð.

Sex strokka Boxer-vélar og PDK-sjálfskipting
Vélarnar sem bjóðast í Porsche Cayman eru 2,7 lítra og 275 hestafla sex strokka bensínvél og 3,4 lítra og 325 hestafla einnig sex strokka bensínvél, báðar af Boxer-gerð. Sjö gíra frábær PDK-



VERÐLAUN
Sportbíll ársins í heiminum 2013

ÞRIÐJA KYNSLÓÐ
Kom fyrst fyrir 8 árum

LÉTTARI
Stækkað en lést

AFL
275 eða 325 hestöfl

sjálfskipting með tveimur kúplingum tengist vélunum og hann er afturhjóladrifinn. Hann má að sjálfsögðu einnig fá með beinskiptingu, þá sex gíra. Sem fyrr má eingöngu fá Cayman með hörðum toppi en hann er ekki framleiddur með blæju líkt og 911 og Boxter. Í Cayman má nú finna allar þær uppfærslur sem litu dagsins ljós í nýjum 911 og Boxter.

Örlítið stækkað og bara batnað

Nýr Cayman hefur örlítið stækkað og fjarlægð milli hjóla aukist. Hann hefur þó lækkað örlítið og notkun léttari efna við smíði hans hefur létt hann um 30 kíló. Ástæðulaust er að fara mörgum orðum um aksturseginnleika Cayman, en bíll sem kosinn er sportbíll ársins er náttúrulega frábær akstursbíl og gæðin umfram verð. Margur bílblaðamaðurinn hefur fullyrt að kosta þurfi meira en tvöföldu fé til að finna betri akstursbíl. Fjölmargir gestir sáu Benedikt Eyjólfsson, forstjóra Bílabúðar Benna, svipta hulunni af þessum fallega bíl, en hann var af S-gerð og því með stærri og öflugri vélinni.

Ótrúlegur akstursbíl

Blaðamaður bílblaðsins fékk tækifæri til að kynna mögnuðum aksturseginnleikum þessa bíls í gær og það skal viðurkennast að gæsaheitið er enn til staðar. Afl, rásfesta, veggrip og þægindi í akstri kölluðu fram allan tilfinningaskalann og skemmtunin ómæld fyrir vikið. Samanburðurinn við aðrar gerðir Porsche-bíla varð alls ekki til að minnka álitnið á Cayman. Þar er sannarlega kominn bíll sem stóri bróðirinn 911 þarf að passa sig á, þó svo að hlutirnir séu teknir enn þá lengra með honum. Enda er verð hans hátt í helmingi hærra. Erfitt er að ímynda sér að þörf sé fyrir meira afl en í Porsche Cayman S. Þar draga 325 hestöfl ekki nema ríflega þrettán hundruð kílóa bíl og áður en hendi er veifað sjást dónalegar hraðatölur og ökumaðurur þrýstist með miklu afli í sætið. PDK-sjálfskiptingin er sem fyrr eins og draumur og hún heldur bílnum á miklum snúningi þótt slegið sé af, eingöngu til þess að vélin sé áfram tilbúin til átaka ef ökumaður þorir að halda áfram skemmtuninni. Sú skemmtun hélt lengi áfram og þeir verða ófundaðir sem efni hafa á að láta þennan bíl standa fyrir utan hjá sér og enn meira þegar hann gerir það ekki.



LEGUR OG PAKKDÓSIR

Stál og Stansar ehf.

VAGNHÖFÐI 7 – SÍMI 517 5000

HÆFILEIKARÍKT KRÚTT

Suzuki Swift Sport er óhemju skemmtilegur akstursbíll. Hann er öflugur, límist við veginn og er sætur

SUZUKI SWIFT SPORT

Finnur Thorlacius Reynsluakstur

Það þarf ekki stóran bíl eða stóra vél til að skemmta öku-
mönnum rækilega og það sannast einna best í Suzuki Swift Sport. Þessi snagg-
aralegi og gullfallegi bíll felur geysjöfluga 1,6 lítra vél undir húddinu sem skilar 136 hestöflum til framhjólanna. Það er ekki ýkja há hest-
aflatala en þau hestöfl eru ekki að drattast með neina aukþyngd því bíllinn er ekki nema ríflega tonn að þyngd. Þessi smái og ódýri bíll er eitt best geymda leyndar-
málið í sýningarsölum landsins, svo góður er hann. Suzuki Swift hefur reyndar allt-
af verið góður bíll og því er það sem forskur sunnanvindur að bæta smá dínamíti í hann. Swift í sportútfærslu er talsvert harðari bíll en sá hefðbundni og fjöðrunin er eins stíf og nafnið bendir til. Þrátt fyrir allt skemmtilega aflið eyðir þessi bíll ekki nema 6,4 lítrum í blönduðum akstri og 5,2 í utanbæjarakstri. Eins og sönnum sport-
bíl sáemir liggur hann eins og pönnukaka á vegi og hendist um göturnar eins og lipr-
asti fimleikamaður. Svo haldið sé áfram að mæra bílinn þá skal fullyrt að hann sé ein óvæntasta og skemmtilegasta upplifun sem undirritaður hefur prófað í formi bíls síðustu misserin.

Haganlegar línur og mikill staðalbúnaður

Að ytra útliti fær Suzuki Swift Sport topp-



Suzuki Swift er laglegur enn lítill bíll með krafta í köggjum og hagar sér eins og sannur fimleikamaður á götunum.

einkunn. Þrátt fyrir smæð bílsins eru flennistórir flekar í hurðunum og afturbretti og það færir honum fagaðan svip. Þær fáu línur sem brjóta upp bílinn eru svo á hárréttum stað og bíllinn samsvarar sér allur svo vel. Afturendinn er að sama

BÍLAR
www.visir.is/bilar

Umsjón blaðsins
Finnur Thorlacius
finnurth@365.is

Útgáfufélag
365 miðlar ehf.
Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík,
sími 512 5000

Auglýsingar
Sverrir Birgir
Sverrisson
sverrirbirg-
ir@365.is
Sími 5125432

Hönnun
Silja Ástþórsdóttir
siljaa@frettabladid.is



AUGLÝSING: AVIS KYNNIR

ENGIN ÓVÆNT ÚTGJÖLD

Bílaleigan Avis býður upp á vetrar- og langtímaleigu. Þannig borgar fólk aðeins fasta greiðslu mánaðarlega en Avis sér um rekstur bílsins. Reynir Ólafsson hefur verið með bíl á vetrarleigu frá Avis og segir reynsluna afar góða.

Þegar fyrir lá að við þyrftum að fá okkur annan bíl á heimilið fór ég að skoða þá kosti sem voru í boði. Einn þeirra var að leigja bíl. Mér fannst það heldur fráleit hugmynd til að byrja með en þegar ég skoðaði skilmálana návar komst ég að því að þetta er mjög sniðug lausn," segir Reynir Ólafsson, sem hefur verið með Volkswagen Polo frá Avis á leigu í vetur. „Þetta hefur komið mjög vel út og ég stefni á að taka annan bíl á leigu til lengri tíma.“ Reynir ákvað að byrja á vetrarleigu en sú leið hefur verið afar vinsæl hjá Avis. Þá fær fólk bílinn í upphafi vetrar en skilar honum í maí. Sú leið hentar vel þeim sem eru í árstíðabundnum störfum eða þá sem kjósa heilsusamlegri lífsstíl yfir sumartímann.

Helsta kostinn við bílaleiguna segir Reynir vera fyrirsjáanleikann. „Ég borga vissst gjald í hverjum mánuði en þarf ekki að hafa áhyggjur af neinu öðru en að kaupa bensín. Ég slepp við bifreiðagjöld, tryggingar, dekk, dekkjaskipti, þjónustuskoðanir og almennt viðhald," segir hann og bendir á að frábært sé að sleppa við öll óvænt útgjöld. Ef svo óheppilega vildi til að bíllinn lenti í árekstri er hann kaskótryggður og Reynir þarf aðeins að borga sjálfásbyrgðina ef svo ber undir.

„Það er mér afar mikilvægt að kostnaðurinn liggja fyrir," segir Reynir og hrósar Avis fyrir góða þjónustu. „Það er frábært að fara í smurningu hjá þeim og ef bíll-



„Þetta kemur mjög vel út fyrir budduna," segir Reynir sem hefur haft bíl á vetrarleigu og ætlar nú að skipta yfir í langtímaleigu.

MYND/DANIEL

inn þarf að fara í þjónustuskoðun hef ég fengið annan bíl lánaðan á meðan.“

Reynir velti því líka fyrir sér á sínum tíma að að kaupa bíl. Þegar hann hins vegar reiknaði út lántökukostnað og alla aðra

rekstrarlíði sem fylgja því að eiga bíl komast hann að þeirri niðurstöðu að mun hagstæðara væri að leigja bíl hjá Avis. „Þetta kemur mjög vel út fyrir budduna en auk þess er frábært að vera á nýlegum bíl sem er í góðu lagi.“



Frá bílasýningunni í Fífunni árið 2011.

Bílasýning BÍlgreinasambandsins næstu helgi í Fífunni

Um næstu helgi mun BÍlgreinasambandið standa fyrir mikilli bíla- og tækjasýningu í Fífunni Kópavogi. Sambandið endurvakti bílasýningar sínar árið 2011, en sýningar þess nutu mikilla vinsælda hjá almenningi hér á árum áður. Að sögn Özurar Lárussonar, framkvæmdastjóra BÍlgreinasambandsins, stefnir í glæsilega og veglega sýningu að þessu sinni. „Þegar við endurvöktum bílasýningu BÍlgreinasambandsins árið 2011 brydduðum við upp á þeirri nýbreytni að sýna ekki einvörðungu bíla heldur einnig vörur og þjónustu sem tengdust bílgreininni. BÍlgreinasambandið er samtök atvinnurekenda í sölu öku-
tækja, vöru og þjónustu sem þeim tengjast og m.a. er eitt af hlutverkum sambandsins að stofna til, skipuleggja og halda sýningar á bifreiðum, hlutum tengdum þeim og iðnaðinum í heild, en í BÍlgreinasambandinu eru 155 fyrirtæki í bílgreininni.“

Meira en bílar

Enn fremur segir Özur að á sýningunni verði nýjar gerðir af bílum frumsýndar, auk þess sem fjöldi bíla hefur verið sérstaklega fluttur til landsins vegna sýningarinnar. Þá munu verða á um 4.000 fm sýningarfleti Fífunnar, auk bílaumboðanna, aðilar tengdir bílgreininni, s.s. fjármögnunaraðilar, olúfélag, bílaleigur, sölu-
aðilar á hjól- og fellihýsum og aðilar með rekstarvörur og varahluti fyrir bíla og tæki svo eitt-hvað sé nefnt. Sýnendur margir hverjir munu, ásamt því að kynna þjónustu sína, bjóða sýningar-
gestum að taka þátt í ýmsum getraunum og vera með uppakomur af ýmsu tagi á sýningarsvæðum sínum. Sýningin er opin laugar-
daginn 4. maí frá kl. 11-18 og sunnudaginn 5. maí frá kl. 12-17. Aðgangur er ókeypis, bætir Özur við í lokin, og hvetur almenning og bílaáhugamenn til að fjöl-
menna í Fífunna á sýninguna.

SUZUKI SWIFT SPORT



**1,6 VVT BENSÍN VÉL, 136 HESTÖFL
FRAMHJÓLADRIF**

**Eyðsla 6,4 l./100 km
í bl. akstri**

**Mengun 147 g/km CO2
Hröðun 8,7 sek.
Hámarkshraði 197 km/klst
Verð Frá 3.390.000 kr.
Umboð Suzuki á Íslandi**



- Hætt við að skipta í rangan gír
- Eyðsla við frísklegan akstur



- Góðir aksturseginnleikar
- Fagurt ytra útlit
- Lág t verð

skapi fríður og álrenningurinn neðst sem púströrin tvö koma út úr ljá bílnum sportlegt og kraftalegt yfirbragð, sem og frekar stór vindskeiðin efst. Gluggarnir eru samt nægjanlega stórir og því er útsýnið gott, sem ekki er nú algilt meðal sportbíla. Auðvitað bætir það enn fremur við fegurð bílsins að hann kemur á flottum 17 tommu álfelgum og það myndi kosta skildinginn að bæta slíkum felgum við venjulegan Swift. Smæðin og fegurðin gera hann til samans að miklu krútti. Að innan, líft og við mátti búast, er hvorki mikill íburður né neitt sem skortir. Framsætin eru mjög góð og sannkölluð sportsæti með miklum hliðarstuðningi. Ekki skaðar það sætin að vera með laglega stöguðum saumi. Aftursætin eru fyrir fullorðna en þá er betra að reyna ekki að koma þremur slíkum þar fyrir. Eins og við má búast er skott-rými ekki af stærri gerðinni, enda Swift borgarbíll.

Frábær akstursbíl

Aðalmálið við Suzuki Swift Sport er hins vegar ekki einhver staðalbúnaður. Það sem öllu máli skiptir er hversu frábær akstursbíl hann er. Lengi væri hægt að lýsa því hvernig hann bregst við hinum ýmsu aðstæðum en einfaldast er að segja að hann leysir þær allar af stakri snilld. Bíllinn vill bara alls ekki undirstýra þó hann sé hreinlega grátbændur um það.

Gott er þó að hafa í huga að bráðnaðsynlegt er að leyfa vélinni að snúast mikið og þannig er best að leita að því afli sem býðst. Því skal ekki flýta sér að skipta bílnum upp heldur draga það sem lengst. Það er líka svo ári skemmtilegt. Beinskíptingin í bílnum er sex gíra og venst vel en í þeim orðum felst að henni þarf að venjast. Skiptingin er reyndar það eina sem hægt er að kvarta yfir. Sú kvörtun snýst um það að hætt er við að skipta í rangan gír og gerðist það oft en einu sinni, bæði þegar átti að fara í fimmta en endað í þriðja gír og þegar fara átti í sjötta en endað í fjórða. Við það öskraði vélin náttúrulega af sársauka og lá við því sama hjá ökumanni. Swift Sport er ekki með neitt yfirmáta afl, en það nýtist einkar vel.

Hafa ekki undan við að framleiða

Þýskir verkfræðingar myndu mæra það verk sem kollegar þeirra í Japan hafa gert við smíði þessa bíls og þeirra aksturseginnleika sem hann býður upp á. Hann býður eiganda sínum til veislu á degi hverjum. Það er kannski helsti ókosturinn við Swift Sport að svo gaman er að keyra hann að bensínfóturinn verður alltaf svo þungur og þá fer þessi bíll að eyða miklu meira en uppgæfið er. Svo vel hefur þessum bíl verið tekið að Suzuki hefur engan veginn undan að smíða hann handa gráðugum kaupendum.



**LÁTLAUS
INNRETTING**
En samt heilmikill staðalbúnaður

HLJÓÐKERFIÐ
Kom hressilega á óvart fyrir gæði

SLÉTTIR FLETIR
Það einkennir ytra útlit bílsins hve stórir sléttu fletirnir eru á svo litlum bíl

AVIS Langtímaleiga

Langtímaleiga – langsniðugust!

Frá
49.900 kr.
á mánuði!

AVIS

Við gerum betur.

591-4000 | www.avis.is

Staðsetningartæki Mercedes Benz fann sprengjubræðurnar

Leiddi lögregluna að óðæðismönnum

Bræðurnir Tamerlan og Dzhokhar Tsarnaev, sem komu fyrir sprengjum í Boston-maraboninu, ætluðu eftir óðæðið næst til New York og valda þar enn frekari skaða. Í því augnamiði tóku þeir traustataki Mercedes Benz-jeppa ásamt eiganda hans. Honum héldu þeir föstum í 90 mínútur, en á þeim tíma var bílnum einhverra hluta vegna ekið víðs vegar um Boston. Á endanum þurfti að taka bensín og annar bróðirinn fór inn til að borga og hinn lagði frá sér byssu sína. Þá notaði eigandinn tækifærið, tók af sér öryggisbeltið, stökk úr bílnum og lagði á flóttu. Hann hélt að annarri bensínstöð og það eiganda stöðv-

arinnar að hringja í lögregluna. Eigandi bílsins tjáði lögreglunni þegar hún kom að í bíl hans væri innbyggt staðsetningarkerfi (sem kallast Mbrace), en það er til þess ætlað að kalla á hjálp við árekstur eða til að auðvelda leit að Mercedes Benz-bílum ef þeim er stolið. Það sannaði sig í þessu tilviki og líklega aldrei komið í eins góðar þarfir. Lögreglan fann bílinn mjög fljótlega með aðstoð kerfisins og fljótlega kom svo til skotbardaga sem varð til þess að lögreglan felldi eldri bróðurinn. Fullkominn búnaður í bílum kemur í ýmsar þarfir, stundum nokkuð óvenjulegar.



Mbrace staðsetningarkerfi er í Mercedes Benz bílum.



Volvo KERS búnaður með kasthjól.

Volvo segir KERS-tækni sína minnka eyðslu um 25%

KERS-tækni hefur verið þekkt í áratugi en KERS stendur fyrir Kinetic Energy Recovery System og er í raun Hybrid-búnaður en frábrugðinn flestum þeim Hybrid-búnaði sem er í framleiðslubílum í dag. Volvo hefur reyndar gert tilraunir með KERS-búnað allar götur frá árinu 1960.

Þessi tækni gengur út á það að endurheimta þá orku sem verður til við hemlun eða minnkun hraða en er frábrugðin að því leyti að þegar hemað er knýr orkan háhraða snúningshjól (Flywheel) sem snýst á 60.000 snúninga hraða á mínútu. Þegar þeirri orku sem hleðst upp við þetta er hleypt til afturhjóllanna eykst aflíð um allt að 80 hestöfl og sparar í leiðinni mikið eldsneyti, eða 25% segja þeir hjá Volvo.

Bara fjögurra strokka vélar í Volvo-bílum?

Það gerir það að verkum að fjögurra strokka vél með þannig búnað verður jafn öflug og sex strokka vél án hans. Því kemur vel til greina hjá Volvo að framleiða bráðum engar sex eða átta strokka vélar og stóla á KERS-tækni bara í fjögurra strokka vélum. Bílar sem búnir hafa verið þessari tækni verða meira en einni sekúndu sneggrí í hundraðið, en það sem er enn betra er það að undir ákveðnum aðstæðum getur verið slökkt á vélinni í allt að helmingi ökutímans, en þá verður reyndar að aka varlega. Þegar Volvo hóf að prófa sig áfram með þessa tækni voru háhraðahjólín þung, dýr og skiluðu takmörkuðum ávinningi. Það hefur nú breyst hressilega með betri efnisnotkun og góðri hönnun. Hjólið sjálf

Mundu eftir að finna **BESTA VERÐIÐ** áður en þú kaupir dekk



FÓLKSBIÐLADEKK

TILBOÐ Nr. 1	TILBOÐ Nr. 2	TILBOÐ Nr. 3	TILBOÐ Nr. 4
STÆRÐ: 175/65 R 14	STÆRÐ: 195/65 R 15	STÆRÐ: 205/55 R 16	STÆRÐ: 225/45 R 17
VERÐÐÆMI:	VERÐÐÆMI:	VERÐÐÆMI:	VERÐÐÆMI:
Sumardekk: frá kr. 41.307 Heilsársdekk: frá kr. 49.880	Sumardekk: frá kr. 51.542 Heilsársdekk: frá kr. 56.104	Sumardekk: frá kr. 57.305 Heilsársdekk: frá kr. 56.104	Sumardekk: frá kr. 64.024 Heilsársdekk: frá kr. 73.303

JEPPADEKK

TILBOÐ Nr. 5	TILBOÐ Nr. 6	TILBOÐ Nr. 7	TILBOÐ Nr. 8
STÆRÐ: 215/60 R 16	STÆRÐ: 225/70 R 16	STÆRÐ: 235/65 R 17	STÆRÐ: 235/60 R 18
VERÐÐÆMI:	VERÐÐÆMI:	VERÐÐÆMI:	VERÐÐÆMI:
Sumardekk: frá kr. 67.800 Heilsársdekk: frá kr. 82.200	Sumardekk: frá kr. 92.761 Heilsársdekk: frá kr. 92.761	Sumardekk: frá kr. 104.921 Heilsársdekk: frá kr. 109.081	Sumardekk: frá kr. 109.400 Heilsársdekk: frá kr. 112.601

TOYO TIRES
Harðskeljadekk



SAILUN
High Performance Tires



TILBOÐIN MIÐAST VIÐ FJÖGUR DEKK & UMFELGUN

TVENNUTILBOÐ

UMFELGUN & SMUR

Sláðu tvær flugur í einu högg og láttu okkur smyrja bílinn um leið og þú skiptir yfir á sumardekkinn. Smelltu þér á tvennutilboð og þú færð 20% afslátt af vinnu við bæði umfelgun og smur. Þú getur gert góð kaup strax í dag!

TOYO TIRES
driven to perform

FRÁBÆRT VERÐ! Bjóðum Toyo harðskeljadekkin á frábæru verði.

OVERALL #1 IN CONSUMER AND MEDIUM TRUCK TIRES